

Menntamál

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á mikilvægi menntamála í víðum skilningi, þar sem horft er til grunnmenntunar, framhaldsmenntunar, háskóla- og vísindastarfs og menningarstarfsemi. Sjálfstæðisflokkurinn vill hraða innleiðingu laga frá 2008 um skólastigin. Mikilvægt er að hagkvæmni, sveigjanleiki, fjölbreytni, ábyrgð og valfrelsi sé í fyrirrúmi á þessum sviðum og að kerfið þjóni einstaklingnum og samfélaginu en ráði ekki sjálft för. Foreldrar og einstaklingarnir sjálfir eiga að hafa val um skóla enda fylgi fjárframlag nemanda á öllum skólastigum þar sem kostur er.

Skóli í nútímasamfélagi er allt í senn: þjónustu-, uppeldis- og menntastofnun. Sjálfstæðisflokkurinn styður að kennsluhættir í grunnskólum taki mið af niðurstöðum menntarannsókna eins og kostur er. Koma þarf til móts við ólíkar þarfir nemenda til þess að vekja áhuga og þroska hæfileika þeirra sem best. Ef hverfisskóli getur ekki mætt þörfum barna með sérþarfir að mati foreldra þeirra skal tryggja annan valkost um skólavist þar sem betri líkur eru á að þörfum barnsins verði mætt. Tryggja þarf einstaklingsmiðaða þjónustu nemenda með sérþarfir á hverju skólastigi. Mikilvægt er að sveitarfélög, skólasamfélagið og þeir sem sinna íþróttum, listum og æskulýðsstarfi vinni áfram markvisst að samræmingu skóladags og tómstunda.

Sjálfstæðisflokkurinn fagnar nýjum námskrám. Gæðamat á skólastarfi verði eftt með markvissum samanburði innanlands og við útlönd og horfa þarf til fleiri þátta en færni nemenda svo sem framfara nemenda á hverjum tíma. Lögð er áhersla á mikilvægi rannsókna á sviði kennslu og náms sem nýttar verði til framþróunar í skólastarfi. Samræmdir mælikvarðar til viðmiðunar fyrir skólayfirvöld þurfa að vera til staðar svo hægt sé að meta árangur skóla og skólastiga.

Öllum börnum standi leikskólanám til boða. Styrkja þarf dagforeldra faglega og hvetja til samstarfs þeirra á milli. Vinna þarf markvisst að því að bjóða fjölbreytt úrræði frá því að fæðingarorlofi sleppir m.a. með öflugri þjónustu dagforeldra, ungbarnaleikskóla og ungbarnadeildum á leikskólum.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að unnið verði að styttingu meðalnámstíma til stúdentsprófs. Aðalmarkmiðið með þessum breytingum er að bæta skólastarf á Íslandi og búa nemendum þannig aukin og fjölbreyttari tækifæri. Nemendur eigi kost á að ljúka framhaldsskólaeiningum í grunnskóla.

Landsfundur leggur til að tilraun verði gerð með rekstur framhaldsskóla á vegum sveitarfélaga. Landsfundur leggur til að rekstarform framhaldsskólanna verði fjölbreytt með mögulegri aðkomu einstaklinga, atvinnulífs og opinberra aðila að rekstri þeirra. Landsfundur telur brýnt að hin almenna stefna sé að fjárframlag fylgi nemanda á öllum skólastigum og tillit verði tekið til ólíkra þarfa. Mikilvægt er að nemendur hafi raunverulegt val um námsleiðir starfræktar af einkaaðilum og opinberum aðilum.

Ljúka þarf endurskipulagningu kennaranámsins og meta fagmennsku að verðleikum. Skólum verði gert kleift að útfæra skólastarf í samræmi við nýja aðalnámskrá. Skólar eiga að hafa val við kaup á námsefni og kennslutækjum.

Vinna þarf að endurskipulagningu vinnuumhverfis í skólum með það að markmiði að sérfræðipekking starfsmanna nýtist sem best nemendum til hagsbóta. Efla þarf starfsþróun og endurmenntun stjórnenda og starfsmanna.

Auka þarf svigrúm skólastjórnenda til að umbuna starfsmönnum og gæta þess að kjarasamningar stýri ekki skólastarfi.

Endurskoðuð verði fimm ára menntun kennara þannig að þriggja ára nám sé nægjanlegt til að hefja störf við kennslu en meistarnám sé tekið síðar enda hafi kennari þá kynnst skólastarfi.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á forvarnir og stuðning við ungt fólk, m.a. með náms- og starfsráðgjöf. Þetta ásamt styttingu grunn- og framhaldsnáms getur spornað gegn brotthvarfi nemenda frá námi. Mikilvægt er að gefa nemendum tækifæri til að útskrifast úr námi með fjölbreyttari hætti en nú er gert, til dæmis með aukinni stigskiptingu náms þar sem ákveðnum áfanga er náð í lok hvers stigs. Slíkt myndi auðvelda aðkomu þeirra að námi á ný.

Mikilvægt er að nemendur geti valið framhaldsskóla óháð búsetu. Þannig geti nemendur valið sér skóla eftir fjölbreyttum námsáherslum. Mikilvægt er að kynna ólíka möguleika til framhaldsnáms og gæta að ekki halli á iðn-, verk- og starfsnám. Efla þarf iðn-, verk- og starfsnám í takt við þarfir atvinnulífsins. Lagt er til að samræmd próf við lok grunnskóla verði tekin upp á ný til að framhaldsskólar geti metið nemendur á jafnréttisgrundvelli við ákvörðun um inntöku.

Efla þarf skapandi hugsun og styrkja upplýsingatækni og tölvulæsi sem nýtast skal í daglegu starfi nemenda og kennara. Löngu er orðið tímabært að iðn- og starfsnám sé metið til jafns við stúdentspróf. Kynna þarf nemendum í grunnskóla ólíka starfs- og námskosti mun fyrr en almennt er gert. Aukin þekking í stærðfræði og raungreinum er nauðsynleg til eflingar þjóðfélagsins. Undirbúningur þarf að hefjast á fyrstu árum skólagöngu en forsendan er vel menntaðir kennarar.

Leggja skal áherslu á að tengja nám við atvinnugreinar landsins. Atvinnurekendur verði gert kleift að gera námssamninga við nemendur enda sé um að ræða hluta af starfsnámi þeirra. Landsfundur leggur til að ráðist verði í að rafvæða námsefni og mennta kennara til þess að styðja betur við notkun á upplýsingatækni í skólum landsins. Símenntunarstöðvar á landsbyggðinni hafa gegnt veigamiklu hlutverki í þessu sambandi með markvissri og árangursríkri starfsemi og samstarfi milli atvinnulífs og skóla. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að nemendum á framhaldsskólastigi standi til boða nám í fjármálalæsi.

Frelsi og sjálfstæði framhaldsskóla þarf að efla. Þannig er skólum gert kleift að laga námsframboð betur að nemendum og bjóða upp á fjölbreyttari námsleiðir.

Lýðræðisleg áhrif nemenda innan framhaldsskóla þarf að tryggja.

Stofnanasamningar framhaldsskóla þurfa að taka mið af rekstrarumhverfi þeirra og rekstargrundvöllur tryggður í fjárlögum.

Háskólar, vísindi og nýsköpun

Menntun, vísindi og nýsköpun gegna lykilhlutverki á Íslandi í næstu framtíð. Fjárfesting í þekkingu og mannauði skapar verðmæti og er undirstaða samkeppnishæfni. Áriðandi er því að skilyrði til menntunar, rannsókna og nýsköpunar standist samkeppni á alþjóðavettvangi.

Háskólanám er fjárfesting fyrir bæði nemendur og samfélagið og eðlilegt að hvorir tveggja taki þátt í fjármögnun háskóla. Nauðsynlegt að opinberir háskólar geti gert ráð fyrir skólagjöldum. Til að vera í fremstu röð þarf að auka framlög til háskólastigsins.

Mikilvægt er að stjórnkerfi háskólanna sé skilvirkt og gegnsætt og að yfirvöld styðji við vísinda- og fræðastörf. Vísindingar eru um að fjöldi stofnana og háskóla hérlendis sé of mikill miðað við stærð samfélagsins. Slík samkeppni innanlands getur haft hamlandi áhrif á samhæfingu og samvinnu sem tryggja myndi betur alþjóðlega samkeppnishæfni.

Íslenskt samfélag ver töluvert hærra hlutfalli vergrar landsframleiðslu til rannsókna og þróunar en mörg samanburðarlönd. Afrakstur vísindastarfs vekur athygli en verðmætasköpun er ekki jafn hröð og vænta mætti. Fjárveitingar til þróunar og nýsköpunar verða að hafa verðmætasköpun á markaðslegum forsendum að markmiði. Ísland þarf að ná meðaltali OECD-landanna í fjármögnun háskólastigsins sem fyrst.

Til að tryggja að fjárveitingar til rannsókna og nýsköpunar nýtist sem best og örvi verðmætasköpun leggur landsfundur áherslu á að:

- Samhæfa rekstrargrunna og rekstrarumhverfi ríkisstofnana sem stunda rannsóknir og þróun. Þannig má tryggja að hægt sé að flytja til verkefni og mannauð milli stofnana og svæða og hámarka með því gæði og afköst.
- Gera breytingar á skattalöggjöf sem gerir íslensku rannsóknarumhverfi kleift að standa jafnfætis erlendri samkeppni og samstarfi. Þannig geta háskólar, fyrirtæki og einstaklingar notið þess sem þeir afla á sambærilegan hátt og gerist annars staðar.

Endurskoða þarf lánakerfi og úthlutunarreglur LÍN í þeim tilgangi að hvetja fólk til menntunar og nemendur til að ljúka námi á tilskildum tíma. Einnig þarf að skoða hvernig auðvelda má upphaf námsferils með því að tryggja framfærslulán frá LÍN á fyrstu önn námsins þegar lánaþingreiðslu nýtur ekki við. Mikilvægt er að þeir sem eru að endurgreiða námslán sitji við sama borð hvað endurgreiðslur varðar, en mikill munur er á greiðslubyrði eftir því hvenær lánin voru tekin. Tryggja þarf einstaklingum sem hafa lent í greiðsluerfiðleikum eða gjaldþroti rétt til að stunda nám með möguleika á námsláni frá LÍN. Landsfundur telur brýnt að

ábyrgðarmenn lána hjá LÍN hafi möguleika á að endurgreiða lán miðað við upphaflegar forsendur og greiðslufyrirkomulag, þegar lánþegi hefur verið úrskurðaður gjaldþrota.

Stefna skal að því að fyrirgreiðslur og greiðsluúvilnanir Lánasjóðs íslenskra námsmanna taki tillit til aukinnar þátttöku umgengnisforeldra í uppeldi skilnaðarbarna og þess kostnaðar sem verður til vegna slíkrar umgengni.

Íþróttir, listir og æskulýðsstarf

Sjálfstæðisflokkurinn leggur sem fyrr ríka áherslu á að öflugt og fjölbreytt íþróttta-, lista- og æskulýðsstarf sé stundað um land allt enda sýna rannsóknir að markvisst tólmstundastarf hefur mikið forvarnargildi fyrir börn og ungmenni. Mikilvægt er að koma betur til móts við þann hóp ungmenna sem líklegri er til að hverfa úr þessu starfi, ekki síst í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu í dag. Börnum og ungmönnum á að standa til boða að stunda íþróttir, listir og æskulýðsstarf í öðrum sveitarfélögum en lögheimili þeirra er. Það gerir kröfu til þess að ríki, sveitarfélög og þeir sem þjónustuna bjóða auki samstarf sín á milli. Sveitarfélög og ríki setji sér stefnu í þessum málaflokkum. Landsfundur vill að Ferðasjóður ÍSÍ verði efldur til muna, enda er það mikilvægt til að tryggja jafnan rétt barna og ungmenna að íþróttum á landsvísu.

Íslenskt afreksfólk á sviði lista og íþróttar gefur jákvæða mynd af landi og þjóð og í því felast mikil verðmæti. Mikilvægt er að afreksfólk njóti markviss stuðnings að hálfu bæði ríkis og sveitarfélaga, t.a.m. með eflingu Afrekssjóðs ÍSÍ og hvetja þarf einkaaðila til að styðja fjárhagslega við það t.d. með skattaúvilnunum. Nauðsynlegt er að okkar afreksfólk búi við sambærileg skilyrði og keppinautar þeirra í nágrannalöndum gera.

Menning

Mikilvægt er að halda áfram að hlúa að lista- og menningarlífi þjóðarinnar og standa vörð um menningarstofnanir, þar sem mikil þekking og reynsla býr. Með kynningu íslenskrar menningar má gefa jákvæða mynd af landi og þjóð og í henni geta falist fjölbreytileg verðmæti. Mikilvægt er að þjóðin sé ávallt vel upplýst um sögu sína og menningararf.

Opinber stuðningur við lista- og menningarstarfsemi, eins og aðrar atvinnugreinar, skal ævinlega vera gegnsær og byggður á traustum, faglegum og fjárhagslegum forsendum. Lög um listamannalaun verði endurskoðuð, m.a. með það að markmiði að taka upp verkefnatengda listsköpunarsjóði, sem starfa á samkeppnisgrunni. Heiðurslistamannalaun verði lögð niður.

Fjölmiðlar eru snar þáttur í daglegu lífi fólks. Sjálfstæði þeirra og trúverðugleiki er mikilvægur til að tryggja lýðræðislega umræðu. Mikilvægt er að lög um fjölmiðla verði endurskoðuð og dregið úr afskiptum hins opinbera af frjálsum fjölmiðlum. Leggja ber fjölmiðlanefnd niður.

Rekstur ríkisins á fjölmiðlum má ekki hamla frjálsri samkeppni og raska rekstrargrundvelli annarra fjölmiðla. Landsfundur leggur til að þörf samfélagsins fyrir ríkisfjölmiðil verði endurskilgreind og Ríkisútvarpið ohf. verði lagt niður í núverandi mynd ef ástæða þykir til. Skilgreina þarf hvaða menningarfræðslu og dagskrárgerð á að styrkja opinberlega og tryggja

fjármagn til þeirra verkefna. Stefna skal að því að íslensk dagskrárgerð standi jafnfætis dagskrárgerð á Norðurlöndum. Menningararfur sá sem Ríkisútvarpið ohf. hefur umsjón með verði gerður aðgengilegur almenningi.

Mannréttindi

Frelsi er grunnstef sjálfstæðisstefnunnar og því fylgir ábyrgð. Landsfundur telur afar mikilvægt að sporna gegn hvers kyns ofbeldi og skipta forvarnir og rannsóknir þar miklu máli. Landsfundur telur sérstaklega vænlegt til árangurs að styðja félagasamtök og stofnanir sem vinna gegn ofbeldi.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins samþykkir að fyrningarákvæði í lögum um kynferðisbrot gegn börnum verði afnumin. Sjálfstæðisflokkurinn vill búa vel að innflytjendum og sjá til þess að þeir njóti jafna tækifæra á við aðra þjóðfélagsþegna og gera þeim þannig kleift að verða hluti að samfélaginu. Mikilvægt er að sjá til þess að innflytjendur verði ekki einangraður minnihluti samfélagsins, en hægt er að fyrirbyggja slíkt með markvissum aðgerðum. Stefnumótun stjórnvalda, upplýsingagjöf og fræðsla leika þar lykilhlutverk. Mikilvægt er að hvetja innflytjendur til að læra íslensku og kynna sér sögu og menningararf þjóðarinnar því vald á tungumálinu og þekking á grunnstoðum þjóðfélagsins er mikilvægur þáttur í aðlögun að íslensku samfélagi.

Jöfn tækifæri kvenna og karla

Landsfundur vill tryggja jöfn tækifæri allra. Laun eiga að endurspegla hæfni, ábyrgð, vinnuframlag og frammistöðu launþega. Þrátt fyrir ný jafnréttislög hefur óútskýrður launamunur karla og kvenna fyrir sambærileg störf farið vaxandi á líðandi kjörtímabili. Á þessum vettvangi þurfa ríki og sveitarfélög að fara á undan með góðu fordæmi og tryggja að hvergi í hinu opinbera kerfi líðist óútskýrður launamunur kynjanna.

Fjárhagslegt sjálfstæði einstaklinga er grundvöllur jafnréttis. Huga þarf að fjárhagslegu sjálfstæði óháð hjúskaparstöðu, sér í lagi þegar kemur að skatta-, lífeyris- og örorkumálum.

Sjálfstæðisflokkurinn telur það grundvallaratriði að tryggja jafna stöðu og jöfn tækifæri kvenna og karla. Fæðingarorlofslögunum er meðal annars ætlað að ná þessu markmiði.

Sjálfstæðisflokkurinn telur mikilvægt að tryggt verði að greiðslur úr fæðingarorlofssjóði verði endurskoðaðar þannig að útivinnandi foreldrum sé fjárhagslega mögulegt að vera heima þann tíma sem þeir eiga rétt á. Skoða þarf hvernig koma á til móts við foreldra fjölbura í fæðingarorlofi, bæði hvað varðar auknar greiðslur og tíma.

Sjálfstæðisflokkurinn stefnir að því að bæta almannaskráningu með þeim hætti að öll fjölskylduvensl verði skráð í þjóðskrá.

Trúmál

Sjálfstæðisflokkurinn telur að kristin gildi séu þjóðinni til góðs nú sem aldrei fyrr og að hlúa beri að kirkju og trúarlífi. Sjálfstæðisflokkurinn vill standa vörð um þjóðkirkju Íslands samkvæmt stjórnarskrá.

Landsfundur telur mikilvægt að ríkisvaldið standi full skil á félagsgjöldum (sóknargjöldum) þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga.

Fangelsismál

Bæta þarf stöðu fangelsismála. Fangelsisstofnanir verða að vera þannig í stakk búnað að þær geti sinnt hlutverki sínu. Mikilvægt er að bæta úr þörf fyrir gæsluvarðhaldsfangelsi.

Fangelsisrými þurfa einnig að standast nútímakröfur og fólk sem hlotið hefur dóma þarf að geta hafið afplánun fyrr en nú er. Við uppbyggingu fangelsa sé hugað að hagkvæmni hvað varðar byggingastærð og staðsetningu með tilliti til framtíðarþarfa og rekstrarkostnaðar. Þróa þarf áfram leiðir svo sem samfélagsþjónustu og rafrænt eftirlit í stað fullnustu refsinga í fangelsum. Efla þarf úrræði fyrir andlega vanheila afbrotamenn og ungt afbrotafólk í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Hælisleitendur

Farið skal eftir alþjóðasamningum sem gilda um hælisleitendur en þörf er á að hraða afgreiðslu mála þeirra og tryggja þeim skjóta og mannúðlega meðferð. Hins vegar þarf að endurskoða meðferð og reglur varðandi þá sem hingað koma án skilríkja. Setja þarf upp biðaðstöðu fyrir óþekkta hælisleitendur á meðan mál þeirra eru í vinnslu. Taka á vel á móti fólk sem þarf á hjálp að halda en taka fast á þeim sem hafa framið glæpi eða eru hingað komnir án þess að þurfa raunverulega að leita hælis. Hafa skal í huga að það er hælisleitenda að leggja fram gögn um nauðsyn hælis.

Löggæsla og eftirlit

Komið er að þolmörkum í niðurskurði löggæslumála. Efla þarf lögregluna svo að hún geti sinnt grunnþjónustu og aukið sýnileika. Á sama tíma þarf að gæta þess að fjármunir fylgi nýjum og krefjandi verkefnum lögreglu s.s. vegna öryggismála og skipulagðrar glæpastarfsemi. Tryggja þarf að miðlæg stoðþjónusta innan lögreglu sé öflug, aðgengileg og án endurgjalds fyrir öll lögregluembætti landsins. Efla þarf samstarf við önnur lönd og tryggja samræmt verklag og vistun gagnagrunna sem standast alþjóðlega öryggisstaðla. Brýnt er að lögreglunni verði tryggðar sambærilegar aðstæður og á Norðurlöndunum hvað varðar heimildir og búnað til að takast á við skipulagða glæpastarfsemi.

Mikilvægt er að efla menntun og þjálfun lögreglumanna og tryggja þeim fullnægjandi búnað. Bera þarf saman lögreglunám við sambærilegt nám í nágrannaríkjum okkar og tryggja öfluga símenntun.

Styrkja þarf lögregluembættin á landsbyggðinni. Breytingu á skipan sýslumanns- og lögregluembætta þarf að gera á forsendum íbúa og taka mið af landfræðilegri stöðu.

Almannavarnir og björgunarstarf

Landsfundur leggur áherslu á að hlúa þurfi að almannavörnum og björgunarstarfi á öllu landinu. Tryggja þarf markvissar viðbragðsáætlanir við náttúruhamförum og öðrum ógnum alls staðar á landinu. Endurskoða þarf lög um almannavarnir með hliðsjón af reynslu undanfarinna ára. Auka þarf getu samfélagsins til að mæta hvers kyns ógnunum með skipulögðu samstarfi og samvinnu ólíkra hópa. Nýta þarf þá þekkingu, reynslu og mannskap hjá hinu opinbera, einkaaðilum og þeim björgunaraðilum sem hér hafa starfað við skipulagningu almannavarnarstarfs. Leita ætti leiða til að setja á fót samræmt öryggis- og björgunarnám sem metið er til námseininga.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á mikilvægi Landhelgisgæslunnar. Mikilvægt er að hún hafi á hverjum tíma yfir að ráða nauðsynlegum tækja- og skipakosti til að geta sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Landsfundur hvetur til þess að tæki Landhelgisgæslunnar verði staðsett þannig að aðgengi að þeim sé gott fyrir alla landsmenn. Stefnt verði að því að björgunarþyrla verði staðsett í hverjum landsfjórðungi.

Mikilvægt er að tryggja réttaröryggi sjálfboðaliða björgunarsveita, Rauða krossins og annarra í hjálparstarfi og skoða hlutverk og stöðu þeirra gagnvart yfirvöldum.

Sjálfstæðisflokkurinn fagnar þeim árangri sem Landhelgisgæslan hefur náð við að efla samstarf sitt við erlenda björgunaraðila, m.a. dönsk og norsk varðskip og flugvélar, sem hafa margoft tekið þátt í björgunaraðgerðum hér við land. Það skýtur skökku við að slík skip og flugvélar séu óvelkomin til höfuðborgar Íslands. Sjálfstæðisflokkurinn vill bjóða slíka aðila velkomna og efla enn frekar björgunarsamstarf við vinþjóðir á norðanverðu Atlantshafi.